Reglur um styrki til skógræktar á landi Reykjavíkurborgar - DRÖG

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar taka til styrkja Reykjavíkurborgar vegna afmarkaðra skógræktarverkefna á landi í eigu Reykjavíkurborgar.

Styrkir eru veittir til félagasamtaka vegna skógræktarverkefna sem samræmast skipulagi, stefnumörkun Reykjavíkurborgar og öðrum samþykktum áætlunum um landnotkun og græna innviði.

Markmið styrkjanna er að stuðla að aukinni og markvissri skógrækt innan Reykjavíkur, efla gæði útivistarsvæða, styrkja vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni, auka kolefnisbindingu og bæta skjól og staðbundið loftslag. Jafnframt er markmiðið að auka upplifunargildi og stuðla að bættri lýðheilsu.

Styrkveiting samkvæmt reglum þessum felur ekki í sér loforð um frekari fjárveitingar eða skuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar.

Almennar reglur Reykjavíkurborgar um styrki gilda jafnframt

2. gr.

Valnefnd

Umhverfis- og skipulagssvið skipar valnefnd, að lágmarki þrjá fulltrúa, til að meta umsóknir. Umhverfis- og skipulagssvið leggur tillögu um einstök áherslusvið og svæði sem skuli hafa forgang hverju sinni fyrir umhverfis- og skipulagsráð.

3. gr.

Auglýsing og styrkhæf verkefni

Reykjavíkurborg auglýsir styrki til skógræktar á landi Reykjavíkurborgar. Auglýsingu skal birta í september á vef Reykjavíkurborgar. Í auglýsingu skulu koma fram helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum ásamt upplýsingum um þá fjárhæð sem sjóðurinn hefur til úthlutunar. Veita má styrk til eftirfarandi þátta á tilgreindu svæði.

- Gróðursetning
- Viðhald skóga
- Aðgerðir til að fjarlægja ágengar tegundir eða draga úr útbreiðslu þeirra
- Stígagerð, merkingar og áningarstaðir

Ekki er veittur styrkur til almenns reksturs, kaupa á landi, kaupa á stærri tækjabúnaði eða framkvæmda sem eru ekki í beinum tengslum við samþykkt skógræktarverkefni. Ekki er veittur styrkur nema fyrir liggi fullnægjandi skil vegna fyrri styrkja umsækjenda.

4.gr.

Umsóknir og fylgigögn

Sækja skal um styrk með rafrænum hætti í október ár hvert.

Með umsókn skulu fylgja eftir því sem við á:

- upplýsingar um nafn verkefnisstjóra (og annarra þátttakenda?)
- lýsing á verkefninu og markmiðum þess
- ræktunaráætlun
- upplýsingar um fjölda plantna, tegund gróðurs og þéttleika
- kostnaðaráætlun
- áætlun um framkvæmd og tímasetningar
- upplýsingar um umhirðu og ábyrgð á svæðinu eftir gróðursetningu
- upplýsingar um þá styrkupphæð sem sótt er um
- Upplýsingar um hvernig staðið verði að stjórnun verkefnisins, miðlun og mati
- upplýsingar um hvort sótt hafi verið um aðra styrki fyrir verkefnið eða það hlotið aðra styrki

Reykjavíkurborg getur óskað eftir frekari gögnum ef þörf er á til að meta umsókn. Umsókn skal hafa verið samþykkt áður en kaup á plöntum eða öðrum styrkhæfum búnaði fara fram og áður en framkvæmdir hefjast.

5. gr.

Kröfur og mat á verkefnum

Við mat á umsóknum er horft til fagþekkingar og byggt á því að verkefnið falli að þeim áherslum eða áherslusviðum er fram koma í auglýsingu.

Verkefni skulu byggjast á faglegum forsendum, taka mið af staðháttum og fyrirhugaðri notkun svæðis og samræmast þróunaráætlun þess, sé hún fyrir hendi. Plöntuval skal hæfa aðstæðum. Forðast skal einsleitar gróðursetningar sem geta dregið úr vistfræðilegri fjölbreytni eða auki viðkvæmni skógræktarinnar gagnvart sjúkdómum, meindýrum eða veðurfari.

Við mat og forgangsröðun umsókna er meðal annars horft til:

- samræmis við auglýstar áherslur og markmið Reykjavíkurborgar
- vistfræðilegs gildis, líffræðilegrar fjölbreytni og áhrifa á núverandi vistkerfi
- útivistar, lýðheilsu, skjólmyndunar, landslags og kolefnisbindingar
- lífslíkna gróðurs, varanleika, umhirðu og sjálfbærni verkefnis
- kostnaðarhagkvæmni og fagþekkingar þeirra sem standa að verkefninu
- hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf
- hvort unnt sé að meta framvindu verkefnisins

6. gr.

Úthlutun, greiðslur og skil

Valnefnd skv. 2. gr. leggur tillögu um styrkúthlutun fyrir umhverfis- og skipulagsráð sem afgreiðir tillögurnar fyrir sitt leyti og vísar til afgreiðslu Borgarráðs. Úthlutun styrkja fer almennt fram í desember ár hvert.

Styrkfjárhæð miðast við samþykkta umsókn, styrkhæfan kostnað og fjárheimildir Reykjavíkurborgar. Styrkveitingar eru afgreiddar samkvæmt gildandi stjórnskipulagi borgarinnar.

Ljúka skal verkefni innan samþykkts frests. Heimilt er að óska eftir framlengingu vegna ófyrirséðra aðstæðna.

Að verkefni loknu skal skila stuttri greinargerð, ljósmyndum og gögnum um kostnað og framkvæmd eftir því sem við á.

Styrkþegi skal undirrita samning áður en styrkur er greiddur. Að jafnaði skulu styrkir allt að 2 milljónum króna greiddir í tvennu lagi þar sem fyrri greiðsla greiðist eftir undirritun samnings og seinni greiðsla eftir samþykkt lokaskýrslu, styrkir á bilinu 2 til 3 milljónir króna í þrennu lagi þar sem fyrsta greiðsla greiðist eftir undirritun samnings, önnur greiðsla eftir skil á stöðuskýrslu og seinasta greiðsla eftir samþykkt lokaskýrslu. Hærri styrkir en 3 milljónir króna skulu greiðast í fernu lagi þar sem fyrsta greiðsla greiðist eftir undirritun samnings, önnur og þriðja greiðsla eftir skil á stöðuskýrslum og seinasta greiðslan eftir skil á lokaskýrslu.

7. gr.

Takmarkanir og endurgreiðsla

Styrkur er aðeins veittur til verkefna á landi Reykjavíkurborgar sem samræmast gildandi skipulagi og samþykktri landnotkun. Styrkþegi skal vinna samkvæmt samþykktri umsókn og fá samþykki fyrir verulegum breytingum.

Reykjavíkurborg getur lækkað styrk ef styrkhæfur kostnaður reynist minni en áætlað var og krafist endurgreiðslu að hluta eða öllu leyti ef styrkur er ranglega nýttur, rangar upplýsingar eru veittar eða skilyrði styrkveitingar eru ekki uppfyllt.

8. gr.

Eftirlit og eftirfylgni

Reykjavíkurborg getur fylgst með framkvæmd styrktra verkefna og óskað eftir upplýsingum til að meta framvindu og árangur. Heimilt er að nýta þær upplýsingar við mat á skógrækt og grænum innviðum borgarinnar.

9. gr.

Breytingar á reglum

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til breytinga á reglum þessum. Breytingar á reglunum hafa ekki áhrif á þegar samþykktar styrkveitingar, nema annað leiði af lögum eða skilmálum styrkveitingar.

Komi í ljós ágallar á skilmálum þessum áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að hafna öllum ósamþykktum styrkumsóknum og auglýsa styrki til skógræktar að nýju að lokinni endurskoðun skilmálanna.

Bráðabirgðaákvæði:

Við fyrstu styrkveitingu árið 2027 miðast auglýsing styrktarsjóðs skv. 3. gr. við 1. janúar 2027 og umsóknarfrestur skv. 4. gr. við 31. janúar 2027.

Úthlutun úr sjóðnum árið 2027, fer fram í mars.